



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Brian stendur sig frábærlega og hefur líklega ekki fengið hrós fyrir það! Hann hefur verið lengi í starfi og annað starfsfólk sér fljótlega mun þegar Brian er veikur eða í sumarfríi, þar sem bækurnar hrannast upp eða enda á röngum stað. Það þarf að minna Brian á að taka sér frí. Hins vegar, þegar hann er í vinnunni, eru samskipti milli hans og samstarfsfólks mjög takmörkuð. Allir hafa vanist því að leyfa Brian að vinna hljóðlega og kerfisbundið án truflunar. Nýlega var hann frá vinnu í 3 vikur vegna hnémeiðsla. Hann er kominn aftur í vinnuna og gegnir sínu venjulega hlutverki en samstarfsfólk hefur áhyggjur af því að hann sé ekki búinn að ná sér að fullu, þar sem þeir hafa tekið eftir því að hann haltrar stundum og kveinkar sér. Þó að hann hafi ekki kvartað er líka augljóst af gögnunum að hann vinnur mun hægar en honum er tamt. Brian er kominn með nýjan yfirmann sem hefur áhyggjur af honum. Brian á hins vegar erfitt með að sætta sig við stjórnandaskiptin. Þetta er þriðji stjórnandinn sem hann hefur haft í starfi sínu og hinir 2 leyfðu honum bara að hafa sína hentisemi og vinna í fríði.

# BRIAN

## STARFSMAÐUR HÁSKÓLABÓKASAFNS

ALDUR 28

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Breskur

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Býr heima hjá móður sinni. Brian hefur verið greindur á einhverfurófinu.

**STARF/FERILL** Vinnur á háskólabókasafni við að raða bókum í hillur. Hann hefur verið í sama starfi síðan áður en hann lauk skólagöngu, þar sem hann byrjaði 17 ára, á meðan hann var enn í námi. Hann hefur aldrei sótt um önnur störf innan háskólans, þrátt fyrir að mörg störf hafi verið laus.

**PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA** Veit lítið sem ekkert um kynjajafnrétti og er ekki einu sinni viss um eigin réttindi í vinnu eða almennt.

## VIÐHÖRF OG TILFINNINGAR

- Mjög hljóðlátur en virðist þó öruggur í núverandi hlutverki sínu. Hann er í takmörkuðum samskiptum við annað starfsfólk – hann lýkur bara daglegum verkefnum sínum án þess að mikið beri á. Brian mætir ekki á félagslega viðburði sem vinnustaðurinn stendur fyrir. Það hefur verið þannig svo lengi að stundum er honum er ekki einu sinni boðið lengur. Hann er þokkalega almennilegur, heilsar alltaf og kveður en oft án augnsambands. Hann virðist stundum dálítið vandræðalegur eða eins og honum líði óþægilega. Þetta hefur einfaldlega verið samþykkt sem hluti af því hver hann er.

## HVATNING

- Líkar við eða elskar kannski starfið sitt (hefur einhver athugað?)
- Mjög nákvæmur í vinnunni, virðist áhugasamur um að klára verkefni hratt og örugglega og án mistaka.
- Virðist njóta „einangrunarinnar“ sem hans hlutverk býður upp á þar sem takmörkuð þörf er á að hafa samskipti við aðra starfsmenn (eða gerir hann það?)

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Brian byrjaði í núverandi starfi fyrir 11 árum síðan og hefur aldrei sýnt neinn áhuga á að færa sig um set. Hann gæti unnið sveigjanlegan vinnutíma en er alltaf mættur á slaginu 8:30 og fer heim á slaginu 16:30. Hann hefur alltaf afþakkað að taka þátt í starfsþróunardögum en þegar litíð er á námsárangur hans er hann of hæfur fyrir núverandi hlutverk sitt. Hann hefur einnig lært heilmikið um rekstur bókasafnsins / fræðslumiðstöðvarinnar á síðustu 11 árum – umræður um þetta hafa þó aldrei farið fram.

## Spurningar stjórnanda

- Sem nýr framkvæmdastjóri virðist ljóst að lítið hafi verið framhjá Brian varðandi starfsþróun, það er sérstaklega mikilvægt að skoða tilfærslu núna eftir þessi meiðsli hans. Hann er mikilvægur starfsmaður. Hins vegar getur einhverfa Brians þýtt að hann sé mjög mótfallinn breytingum og það þyrfti að höndla allar tillögur að breytingum af mikilli varfærni.
- Elskar hann vinnuna sína í raun eða hafa fyrri yfirmenn bara gengið út frá því? Er hann enn með verki í hnénu?
- Gæti hann „haldið“ hlutverkinu sem hann elskar (ef hann gerir það) en unnið færri tíma? Eða myndi hann vilja vinna meiri skrifborðsvinnu á móti til að hlífa hnénu? Er hann kominn aftur til vinnu of snemma?
- Þegar reynsla er komin á nýtt hlutverk er mögulegt að hann myndi njóta þess – hvernig mætti hjálpa/hvetja hann til að prófa? Væri hægt að innleiða breytingar samhliða núverandi hlutverki hans?
- Ef Brian væri ánægður með breytinguna – myndi hann þá mögulega íhuga varanlega breytingu? Þarf Brian aðstoð við að klára atvinnuumsóknir eða undirbúa viðtöl? Hefur þetta verið að halda aftur af honum? Brian gæti upplifað allar spurningar um starf hans eða frammistöðu á neikvæðan hátt.
- Hvernig getur stjórnandi verið skilningsríkari fyrir þörfum Brians – þurfum við að leggjast í rannsóknir og þjálfun fyrir stjórnendur og restina af teyminu? Væri hægt að færa hann til tímabundið þangað til hann nær sér að fullu ef hann vill ekki nýtt hlutverk?

## Spurningar samstarfsfólks

- Hvernig geta samstarfsmenn tekið meira tillit til Brian og virkjað hann félagslega og hvað geta þeir lært af þessu?
- Hafa samstarfsmenn lagt sig nægilega fram við að eiga samskipti við Brian?
- Hafa þeir talið hann eða stimplað hann andfélagslegan?
- Brian er vel liðinn og hans var saknað þegar hann var veikur! – sérstaklega þar sem starfsfólk í móttöku þurfti að hjálpa til við setja í hillur!
- Hvernig getur teymið verið opnara?



## Spurningar einstaklingsins

- Af hverju þarf ég að breyta?
- Ég hef unnið þetta starf í 11 ár, af hverju þarf ég að mæta á fund?
- Hef ég gert eitthvað rangt?
- Hvers vegna er sífellt verið að skipta um stjórnendur?
- Hvaða aðrar breytingar verða?
- Er það vegna þess að ég var veikur?
- Ætli það eigi að reka mig?

## Spurningar stefnumótenda

- Þurfum að skoða jafnréttislögin og ganga úr skugga um að jafnréttis- og fjölbreytileikastefna háskólans taki mið af öllum þeim breytum sem kveðið er á um í lögunum og að komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklinga og störf aðlöguð eftir þörfum til að styðja þá.